

Inngangur

Leiðbeiningar þessar eru unnar í samræmi við reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn. Þær eru einkum ætlaðar þeim er hyggjast pakka slíku vatni í neytendaumbúðir. Einnig verður fjallað lítillega um átappað vatn almennt og leitast við að skýra þann mun sem er á neysluvatni annars vegar og hins vegar svokölluðu ölkelduvatni. Leiðbeiningum þessum er ætlað að veita upplýsingar um þá löggjöf sem í gildi er hér á landi um drykkjarvatn, hvaða kröfur eru gerðar af hálfu opinberra aðila til framleiðenda matvæla og hvað þurfi að liggja fyrir þannig að unnt sé að fá viðurkenningu yfirvalda á ölkelduvatni. Það getur tekið langan tíma að afla slíkrar viðurkenningar þar sem ýmis gögn þurfa að liggja fyrir um gæði og stöðugleika vatnsins. Því er mikilvægt að hugað sé tímanlega að lögum og reglum og ýmsum kröfum um ölkelduvatn.

Hvað einkennir mismunandi "tegundir" vatns?

- Grunnvatn: Er vatn sem rennur neðanjarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í jörðinni með rennslisstefnu nærri láréttu.
- Yfirborðsvatn: Er vatn af yfirborði jarðar, sem nota má til neyslu ef það uppfyllir ákveðnar gæðakröfur.
- Neysluvatn: Er vatn, í upprunalegu ástandi eða eftir meðhöndlun, sem notað er til drykkjar, við matargerð og í matvælafyrirtækjum. Hitaveituvatn telst ekki neysluvatn.
- Lindarvatn: Er vatn sem berst sjálfrennandi upp á yfirborð jarðar. Það getur verið í upprunalegu ástandi eða meðhöndlað á ákveðinn hátt, sbr. skilyrði um meðhöndlun ölkelduvatns.
- Ölkelduvatn: Er vatn sem á upptök sín neðanjarðar og kemur frá einni eða fleiri náttúrulegum uppsprettum eða borholum. Vatn þetta er frábrugðið öðru neysluvatni að því leyti að upprunalegt ástand þess og eðli hefur varðveist sökum þess að vatnið á upptök sín neðanjarðar og er varið fyrir mengun. Breyting á flæði vatnsins skal ekki hafa áhrif á samsetningu þess, sem skal vera stöðug hvað varðar einkennandi þætti eins og innihald steinefna, snefilefna og annarra efnispátta.
- Átappað vatn: Tekur til alls vatns sem ætlað er til drykkjar og er pakkað í neytendaumbúðir, tilbúið til neyslu. Hér getur verið um ýmis konar vatn að ræða, t.d. lindarvatn (spring water), ölkelduvatn (natural mineral water) eða átappað vatn (bottled water).

Hér á landi er vatn skilgreint sem matvara skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Vatn sem ætlað er til neyslu fellur því undir almenna löggjöf um matvæli, en einnig eru til sérreglur um vatn. Mikilvægt er að þeir sem hyggjast hagnýta ölkelduvatn til dreifingar kynni sér viðeigandi lög og reglugerðir.

Kröfur til framleiðenda/dreifenda ölkelduvatns

Hver sá er hyggst hagnýta ölkelduvatn til dreifingar þarf til þess leyfi hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar, að undangenginni staðfestingu Matvælastofnunar (MAST). Þar sem ölkelduvatn og eftirlit með því fellur undir lög og reglur um matvælaeftirlit eru jafnframt gerðar sambærilegar kröfur og til annarra matvælaframleiðenda, t.d. varðandi starfsleyfi. Eins og áður hefur komið fram er gerð krafa um innra eftirlit í matvælafyrirtækjum og er framkvæmd þess ein af forsendum fyrir veitingu starfsleyfis. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd sér um veitingu starfsleyfis.

Til þess að unnt sé að markaðssetja vatn sem ölkelduvatn þarf vatnið að uppfylla allar kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 405/2004. Hér verður því fjallað sérstaklega um helstu ákvæði hennar.

Eins og fram kemur í skilgreiningu á ölkelduvatni er það einkum stöðugleiki í efnasamsetningu vatnsins og einkennandi upprunalegt ástand þess sem er mikilvægt og aðgreinir það frá öðru neysluvatni. Rétt er að benda á að ölkelduvatn má ekki meðhöndla með neinum hætti (t.d. geislun eða sótthreinsun), en slíkt er með vissum takmörkunum heimilt fyrir neysluvatn. Víða er neysluvatn hér á landi þess eðlis að það uppfyllir þær kröfur sem settar eru fyrir ölkelduvatn og getur því fengið viðurkenningu sem slíkt, að undangengnum þeim rannsóknnum sem krafa er gerð um.

Sá er sækist eftir leyfi til dreifingar á ölkelduvatn þarf að leggja fram gögn um jarðfræði þess svæðis sem vatnið er tekið á og lýsingu á svæðinu, afmörkun þess og nákvæma staðsetningu í rennslissvæðis (sjá 4. gr.). Þá skal einnig kanna ákveðna eðlis- og efnafræðilega þætti og gera örverufræðilega úttekt á vatninu. Til að unnt sé að leggja mat á stöðugleika vatnsins og áhrif árstíða (veðurfars) á samsetningu þess skulu niðurstöður slíkra mælinga fyrir a.m.k. 1-2 ár liggja fyrir. Óheimilt er að sótthreinsa eða meðhöndla ölkelduvatn á annan hátt, nema með eðlisfræðilegum aðferðum sbr. 6. gr. Rétt er að taka fram að það er alfarið á ábyrgð framleiðanda/dreifanda að afla þeirra gagna og niðurstaðna sem óskað er eftir. Eins og fyrr segir er gerð krafa um innra eftirlit skv. 5. grein reglugerðar nr. 852/2004, en það eru heilbrigðisnefndir á hverjum stað sem sinna opinberu eftirliti. Gerðar eru ákveðnar kröfur til þess búnaðar sem notaður er við meðhöndlun vatnsins. Í viðauka reglugerðarinnar má finna skilyrði fyrir sérmerkingu umbúða, þ.e. þau skilyrði sem vatnið þarf að uppfylla til að unnt sé að merkja umbúðir vatnsins á þann hátt sem þar kemur fram.

Útflutningur á vatni

Vegna útflutnings á vatni þarf að byrja á því að skilgreina vöruna, þ.e. á hún að fara á markað sem lindarvatn („spring water“), sem ölkelduvatn („natural mineral water“) eða sem almennt neysluvatn („bottled water“). Þegar það liggur fyrir er næsta skref að kynna sér þær reglur sem við eiga hverju sinni. Það er einkum mikilvægt að kynna sér löggjöfina í innflutningslandinu. Reglur um átappað vatn geta verið mjög mismunandi milli ríkja. Reglur hér á landi eru að mestu byggðar á tilskipunum Evrópusambandsins og því ætti viðurkenning af hálfu opinberra yfirvalda hér á landi skv. reglugerð um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn ásamt birtingu á vöruheiti í stjórnartíðindum ESB (sbr. 3. gr. 405/2004) að auðvelda markaðssetningu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fyrir önnur ríki geta viðkomandi sendiráð að öllum líkindum veitt upplýsingar um löggjöf á þessu sviði.

Eftirfarandi gögn þurfa að liggja fyrir áður en sótt er um leyfi til heilbrigðisnefndar:

- Upplýsingar um jarð- og vatnsfræðilega þætti þess svæðis, þar sem hagnýta á ölkelduvatnið, sbr. 1. tl. 4. greinar.
- Eðlis- og efnafræðilegar niðurstöður, s.s. rennslisraði, leiðni, hitastig og sýrustig sbr. 2. tl. 4. greinar.
- Niðurstöður örverumælinga sbr. 3. tl. 4. greinar
- Efnainnihald vatnsins skal ekki fara yfir þau mörk sem sett eru í viðauka 2 við reglugerðina.
- Mælingar á eftirfarandi þáttum í 1-2 ár gefa góða vísbendingu um stöðugleika vatnsins: Leifar þurrefnis, kalk (Ca), súlföt (SO₄), natríum (Na), kalíum (K), magnesíum (Mg), klóríð (Cl), kísiltvíoxíð (SiO₂), níturat (NO₃).

Eins og áður hefur komið fram skal sótt um leyfi til hagnýtingar ölkelduvatns til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar, sem veitir leyfi að undangenginni samþykkt MAST. Leyfi er veitt til tveggja ára í senn og skal heilbrigðisnefnd auglýsa leyfisveitinguna í Lögbirtingablaðinu. Að því loknu og að fenginni beiðni umsækjanda sér MAST um að nauðsynlegum gögnum verið komið til birtingar á vöruheiti í stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Mikilvægt er að heilbrigðisnefndir tilkynni til MAST þegar tilkynning um leyfisveitingu fer til birtingar í Lögbirtingablaðinu.

Tilvísanir

- [Lög nr. 93/1998 um matvæli](#)
- [Reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn](#)
- [Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn](#)
- [Reglugerð \(EB\) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli](#)